

Hverfisnefnd Naustahverfis

74. fundur. 3. október. 2016

Fundur haldinn í Kjarnagötu 14 kl. 17:00-19:00

Mætt; Anna Steinunn Þengilsdóttir, Greta Huld Mellado, Herdís Hulda Guðmannsdóttir

Fundargerð ritaði Anna Steinunn Þengilsdóttir.

- 1. Yfirlit yfir framkvæmdir:** Í ágúst tók nefndarmaður að sér að fara yfir málin og setja saman úr fundargerðum okkar þau mál sem við höfum lagt til að verði bætt úr eða framkvæmd. Sent var erindi um þau atriði sem þóttu vera mikivægust í þessu samhengi og fór erindið í tölvupósti þann 23. ágúst til Skipulagsdeildar Akureyrarbæjar og starfsmanna hans Bjarka Jóhannessonar og Önnu Bragadóttur. Anna Bragadóttir fór yfir þau mál sem við höfðum sent frá okkur og hvert þeim var vísað okkur til glöggvunar. Við munum skoða þetta betur.
- 2. Erindi:** Erindi frá íbúa barst nefndinni þann 5 september 2016. Íbúanum var svarað þann 12. september hvernig þetta gengur fyrir sig þegar erindi berast. Hverfisnefnd tekur erindið fyrir á fundi og fundargerð er svo send til umfjöllunar hjá bæjarráði sem vísar því svo til viðkomandi deildar innan bæjarins sem hefur með málið að gera. Hér með er erindi þessu komið á framfæri og taka nefndarmenn heilshugar undir bréf þetta með íbúanum og þeim málum sem hann leggur hér fram.

Erindið er birt hér í heild sinni;

Mig langar til að beita mér fyrir því að það verði komið upp hraðahindrunum sunnan megin í Kjarnagötunni, við nýju blokkirnar. Það er gríðarlegur hraðakstur á þessari götu og hönnun gangstétta er auðvitað með öllu óskiljanleg og hörmuleg með öllu. Það er með ólíkindum að það sé ekki gras eða autt svæði á milli götu og gangstéttar. Hættan fyrir gangandi vegfarendur og sérstaklega börn er skelfilega mikil, hvað þá í hálfu og snjóruðningum á veturnar. Það má hreinlega ekkert út af bregða hjá öikumönnum svo illa fari og ég hef nokkuð oft orðið vitni af slíku. Ég er búin að búa í Kjarnagötu 56 efri hæð í eitt ár og sé og heyri því miður mjög vel í hraðakstri við götuna. Við erum með tvo stráka í Naustaskóla og Naustatjörn og það er líka algjör hörmung fyrir alla sem búa í þessu hverfi að það séu ekki almennileg gangbrautarljós við skólann. Gangbrautir eru líka illa merktar, illa málaðar og illa upplýstar. Ég trúí ekki öðru en að einhverjir aðrir hafi komið með athugasemdir um þessi mál, ég geri það alla vega hér með og vona að þið getið aðstoðað mig við að koma þessum málum betur á framfæri, þ.e. að óska eftir því að það verði settar upp hraðahindranir sunnan megin á Kjarnagötunni. Það mundi strax hjálpa að setja t.d. þessar hindranir sem eru skrúfaðar niður eins og hafa verið settar í Listagilinu. Það gengur víst ekki að skammast heima hjá sér, það þarf að koma athugasemdum og kvörtunum í farveg, vonandi getið þið aðstoðað við það :-). Með bestu kveðju Edda Bjarnadóttir

- 3. Umhverfisátak:** Eitthvað fórst það fyrir hjá nefndinni á vordögum að senda frá sér óskir um verkefni tengd umhverfisátaki á þessu ári, en úr því hefur verið bætt og voru óskir reifaðar í bréfi sem sent var til Jóns Birgís Gunnlaugssonar á framkvæmdadeild þann 26. september 2016, auk þess að fram kom í bréfinu óskir um upplýsingar um stöðu verkefna úr umhverfisátaki ársins 2015. Í tölvupóstsamskiptum formanns og Jóns Birgirs óskaði hann eftir að hitta formann og fara yfir málin vegna framkvæmdanna, en ekkert hefur orðið af þeim hittingi þegar þetta er ritað. Fylgir bréfið hér með fundargerð þessari hér á eftir.

Árið 2015 var óskað eftir eftirfarandi atriðum fyrir umhverfisátakið,

- Lýsing í brekkuna við Ljómatúnsvöllinn að andvirði um 500.000 krónur.
- Bekkir sem settir verða á Ljómatúnsvöllinn og víðsvegar um hverfið að andvirði um 750.000 krónur.
- Plöntur í hverfið að andvirði um 750.000 krónur.

Nefndin vil gjarnan vita hvort þetta hafi allt verið gert, en það komu allavega fleiri bekkir, en ekki vitað með lýsinguna eða plönturnar. Vill nefndin þá vita ef þetta hefur ekki verið gert hvort þetta sé þá á dagskrá eða hvort peningurinn dettur út fyrir þessu eða hvernig þetta er.

Fyrir árið 2016 viljum við nýta peninginn fyrir eftirfarandi atriði:

1.Girtan leikvöll og amk 2 ungbarnarólur á þann leikvöll fyrir dagmæðurnar okkar í hverfinu.

Ábending kom um að girðing í kringum leikskólann Sunnuból sem lokað var í sumar gæti mögulega verið flutt til þar að segja ef hún er í eigu bæjarins. Leikvöllurinn sem nefndinni finnst helst þjóna þessum tilgangi væri sá sem stendur við Mýrartún. Bent skal á að nefndin óskaði á fundi sínum þann 3 febrúar 2016 að bætt yrði úr þessu þar sem lagabókstafur segir svo til um leikvöllur fyrir dagmæður skuli vera girtur af. Vill því nefndin stuðla að því að þetta geti orðið að veruleika með því að nýta peningana til þessa verkefnins. (sjá úr fundargerð hér fyrir neðan).

2.Breyta malarsvæði við Ljómatúnsvöllinn.

Nefndin vill fara betur yfir þau atriði sem snerta Ljómatúnsvöllinn, hann er að við höldum fullkláraður en það er agalegt að hafa mól í kringum afmörkuðu svæðin sem leiktækin standa við og væri best að helluleggja það svæði.

Nefndin gerir sér ekki grein fyrir hver kostnaður af þessum óskum getur verið svo það væri gott að fá hugmyndir um það.

4. **Gangbraut við Heiðartún:** Engin gangbraut er yfir Kjarnagötu við Heiðartún. Lagt er til að setja hraðahindrun með gangbraut við strætóstopp á Kjarnagötu sunnan við Heiðartún.

5. **Aðalfundur:** Halda þarf aðalfund nú í haust og koma af stað nýrri og sterkri nefnd. Nú bregður svo við að þeir nefndarmenn sem hafa setið lengst í nefnd eru ekki að bjóða sig fram áfram til setu, eða eru fluttir úr hverfinu. Svo nú vonum við það besta að geta fyllt stjórnina, en hún þarf að vera skipuð af 7 fulltrúum; formanni, varaformanni, ritara, meðstjórnanda og 2 varamönnum. Auglýsa þarf fundinn með fyrirvara og hefð er fyrir því að auglýsa hann í dagskránni tvisvar sinnum, einu sinni í vikunni fyrir fund og aftur í sömu viku og fundurinn er. Ákveðum að velta fyrir okkur dagsetningum fyrir fundinn, hafa samband við Naustaskóla um fundaraðstöðu og kaffi og hugsanlega gesti á fundinn með erindi. Hugmynd kom upp að falast eftir því að fá að skoða nýja íþróttahúsið.